

Ársskýrsla Menntaskólans við Hamrahlíð fyrir árið 2013

Nemendur

Fjöldi dagskólanemenda var í byrjun vorannar kringum 1170, þar af voru 80 nýinnritaðir. Á haustönn voru samsvarandi tölur 1210 og liðlega 300. Skráðir nemendur öldungadeildar voru 185 á vorönn og 130 á haustönn. Alls voru brautskráðir 284 stúdentar á árinu, 203 í maí og 81 í desember. Nokkrir nemendur hurfu frá námi án þess að ljúka viðkomandi önn, kringuum 20 samtals á báðum önnum. Ennfremur er nokkuð um að nemendur skrái sig úr einstökum áföngum inni á miðri önn. Í heildina var hlutfall eininga sem nemendur gengu til prófs í af skráðum einingum við upphaf annar 94,2 % á vorönn og 94,6 % á haustönn. Yfir 90% nemenda koma af höfuðborgarsvæðinu, þar af 2/3 úr Reykjavík og 1/3 úr nágrannasveitarfélögum. Eftirsóttasta námsbrautin (sjá upptalningu í næsta kafla) er náttúrufræðibraut en þar á eftir félagsfræðabraut og eru um 70% nemenda skráðir á þessar tvær brautir.

Námsbrautir

Í skólanum býðst nám á eftirtöldum námsbrautum: IB – námsbraut, félagsfræðabraut, listdansbraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opinni braut, sérnámsbraut og tónlistarbraut. Tónlistarbrautin var stofnuð sem sérstök braut haustið 2013 en bæði hún og listdansbrautin eru starfræktar í samvinnu við sérskóla sem annast sjálfa tónlistar- og danskennsluna. Opna brautin var stofnuð haustið 2012 samhliða nýjum útgáfum hefðbundnu stúdentsbrautanna þ.e. félagsfræðabrautar, málabrautar og náttúrufræðibrautar. Sérnámsbrautin, sem stofnað var til 2011, flokkast sem starfsbraut 2 og er eina námsbraut skólans sem ekki lýkur með stúdentsprófi.

Kennsla og stjórnun

Fjöldi þeirra sem önnuðust kennslu voru 89 á vorönn og 87 á haustönn, langflestir í fullu starfi. Auk þeirra voru tveir kennarar í námsleyfi á vorönn og þrír á haustönn. Meirihluti kennara hefur lokið meistaragráðu og 5 eru með doktorspróf. Vikulegur kennslustundafjöldi í dagskóla var í námunda við 1800. Yfirstjórn skólans mynda rektor, konrektor og áfangastjóri ásamt fjármálastjóra. Námsgreinar og tilheyrandi kennarar skiptast í þrjár deildir sem eru deild erlendra tungumála, deild samfélagsfræða (félagsfræðagreinar, íslenska og saga) og deild náttúrufræða (raungreinar og stærðfræði). Forsvarsmenn þessara deilda kallast námstjórar og eru þeir í 50% starfi við stjórnun. Aðrir millistjórnendur (í hlutastörfum sem slíkir) á kennslusviði eru IB- stallari, umsjónarmaður sérnámsbrautar og öldungadeildarstjóri. Almenna afgangi á skrifstofu og bókhaldsstörf annast tveir starfsmenn í samtals 1½ stöðugildi, námsráðgjafar eru þrír í samtals 2,6 stöðugildum og bókasafnsfræðingar eru tveir í 1,8 stöðugildum. Þrír starfsmenn annast umsjón húss, tölvu- og tæknimál og matráður sér um mötuneyti starfsfólks. Ellefu manns vinna við ræstingar í u.þ.b. 7 stöðugildum.

Framkvæmd markmiða

Í viðauka með skólasamningi 2013 – 2016 eru talin upp sex markmið sem gerð skal stuttlega grein fyrir.

1. Að setja skólanum námskrá í samræmi við framhaldsskólalögin frá 2008 og þau viðmið sem sett hafa verið fram af hálfu ráðuneytisins og leyfi þess til tilraunakennslu skv. endurskipulögðum námsbrautum frá því í maílok 2012.

- Unnið var að þessu á árinu 2013 með því að halda áfram frá fyrra ári endurgerð áfangalýsinga og kennslu samkvæmt þeim með hliðsjón af þekkingu, leikni og hæfni. Jafnframt var haldið áfram vinnu við að færa áfanga- og námsbrautalýsingar í gagnagrunn ráðuneytisins.

Þá var sótt um leyfi til þess að stofna formlega tónlistarbraut með samskonar grunni og er á tilraunabrautunum frá 2012 og hófu á annan tug nemenda nám á brautinni sl. haust.

2. Að koma á nýju skipulagi deildarstjóra námsgreina.

- Í lok vorannar voru lögð af deildarstjórastörfin 6 sem verið höfðu við lýði frá árinu 2001 og tekin upp ný deildaskipan, þrjár deildir náttúrufræða, erlendra tungmála og samfélagsfræða. Stjórnendur þeirra hafa víðtækara starfssvið en fyrirrennararnir, einkum að því er varðar þjónustu við nemendur. Meginþættir eru: Skólaþróun og faglegt starf, verkefni tengd áfangakerfi, námi og nemendum, starfsmannastjórn auk annarra tilfallandi verkefna. Starfslýsingin er að hluta til opin með það fyrir augum að hún þróist í takt við reynsluna og nýjar þarfir sem leiða af innleiðingu námskrár.

3. Að þróa og bæta stuðningskerfi við nemendur með annað móðurmál en íslensku.

- Unnið hefur að þessu hægt og bitandi síðustu ár og má nefna að á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar í nóvember 2013 var veitt viðurkenning til sérkennara fyrir það starf sem unnið er í þágu nemenda með erlendan bakgrunn í MH.

4. Að efla starfendarannsóknir og sjálfsskoðun kennara þannig að þetta verði þáttur í starfsemi allra fagdeilda.

-Yfirstandandi endurskoðun námskrár gefur kennurum ný efni til rýni og endurmats á eigin störfum og enn fremur má ætla með nýrri deildaskipan eflist innra starf og samvinna kennara. Þessi atriði búa í haginn fyrir að unnt verði að formgera starfendarannsóknir síðar á samningstímanum. Áfangamat (mat nemenda á áföngum/kennurum) í vissum námsgreinum fór fram skv. sjálfsmatsáætlun. Að þessu sinni náði það til raungreina og stærðfræði og sem fyrr voru kennarar hvattir til samræðu og skoðanaskipta um niðurstöður og hvernig þær geti nýst.

5. Að nýtingarhlutfall í dagskóla verði a.m.k. 95% á hverri önn (átt er við hlutfall heildareininga til prófs/námsmats hjá nemendum á móti skráðum einingum)

-Markmiðið náðist ekki sbr. kaflann um nemendur.

6. Að reka skólann innan fjárheimilda og að eiga að jafnaði 1-2% rekstrarafgang til þess að geta betur mætt tímabundnum áföllum sem upp kunna að koma.

-Þessu markmiði var sbr. að samkvæmt ársuppgjöri fyrir 2013 var uppsafnaður rekstrarafgangur skólans 13 millj. kr sem svarar til 1,3% m.v. ársveltu.

Fjármál

Heildarútgjöld skólans 2013 voru 1009,7 millj. kr. sem var 7,4 millj. kr. umfram tekjur. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 1244 ársnemendum en þeir urðu í reynd 1195. Vegna þessa mismunar sætti skólinn frádrætti upp á 7,2 millj. kr. í lokauppgjöri ársins. Gekk á uppsafnaðan rekstrarafgang frá fyrrri árum sem nam fyrrnefndum mismun 7,4 millj. kr. og í árslok 2013 var afgangurinn 13 millj. kr. Í áætlun fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir rekstrarhalla upp á 7 milljónir. Sífellt er leitað leiða til þess að gera kaup á hvers kyns aðföngum sem hagkvæmust. Má sem dæmi nefna að á árinu var sagt upp raforkusamningi við Orkuveitu

Reykjavíkur og þess í stað samið við HS orku um raforkukaup til ársloka 2015. Miðað við óbreytta raforkunotkun má áætla að samningurinn feli í sér u.þ.b. einnar milljón krónu sparnað á samningstímanum.


Samstarf út á við

Sem fyrr hefur skólinn samvinnu við Dansmennt ehf., Danslistarskóla JSB og Klassíska listdansskólann vegna listdansnáms á framhaldsskólastigi. Samkvæmt þjónustusamningi við hvern og einn skóla kaupir MH kennslu í sérgreinum listdans sem nemur 45, 17 og 17 ársnemendum (í listdansi gildir sérstök skilgreining á ársnemanda) af skólunum þremur. Þá á skólinn í viðvarandi samstarfi við Agnebergsgymnasíet í Uddevalla í Svíþjóð um gagnkvæm nemendaskipti vegna sænskukennslu og nýtur verkefnið styrks ár hvert frá sænska sendiráðinu. Ennfremur er samvinna við nokkra grunnskóla (Hlíðaskóla, Austurbæjarskóla, Hagaskóla og Ingunnarskóla) um að nemendur þeirra taki byrjunaráfanga í MH sem valgrein í 10. bekk, einkum í stærðfræði og ensku. Grunnskólarnir sjá alfarið um kennsluna og nemendurnir taka próf í viðkomandi áfanga MH á prófatíma í maí. Loks skal getið samvinnu við *Atvinna með stuðningi* hjá Vinnumálastofnun um starfsþjálfun nemenda á sérnámsbraut, þ.e. aðlögun þeirra að vinnumarkaði. Verkefnið fór af stað á skólaárinu 2012 – 2013.

Annað

Skólinn hefur líkt og flestir aðrir framhaldsskólar verið aðili að samstarfsverkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóla* frá haustinu 2011. Skólaárið 2012 – 2013 var helgað hreyfingu og m.a. beitti stýrihópur verkefnisins sér fyrir auknum göngu- og hjólaferðum, kóreskum morgunæfingum og sídegisskokkhóp. Hlaut skólinn gullverðlaun þetta skólaár, viðurkenningu landlæknisembættisins fyrir „framúrskarandi árangur við að tryggja tækifæri nemenda og starfsfólks til hreyfingar.“ Við þetta má bæta að á árinu var gert samkomulag við Fasteignir ríkissjóðs að þær reisi hjólaskýli fyrir 60 hjól á lóð skólans og standa framkvæmdir yfir þegar skýrsla þessi er rituð.

MH, 19. febrúar 2014


Lárus H. Bjarnason

„Prófill“

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: MH er skóli með um 1350 nemendum og liðlega 120 starfsmönnum í 10.000 fermetra húsnæði. Ársnemendur skv. fjárlagafrumvarpi 2012 eru 1244.

Námsframboð: Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. Aðalnámskrá 1999: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðabraut og listdansbraut til stúdentsprófs. Samkvæmt sérstakri námskrá International Baccalaureate Organisation og heimild menntamálaráðherra frá 1997: IB-námsbraut, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Þá er starfsbraut /sérnámsbraut við skólann með vísan framhaldsskólalaga og laga um málefni fatlaðra. Ennfremur eru starfræktar ný félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opin braut og tónlistarbraut skv. sérstöku tilraunaleyfi mennta- og menningarmálaráðherra frá 2012 og 2013.

Framkvæmd markmiða skv. skólasamningi: Markmið um áframhald innleiðingar á aðalnámskrá 2011 náðist að því leyti sem gengið var út frá á árinu, endurskipulagning deilda og deildarstjórnar náði fram að ganga svo og áframhaldandi þróun stuðningskerfis við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Þá var búið í haginn fyrir eflingu starfendarannsóknna og sjálfsskoðun kennara. Markmið um 95% nýtingarhlutfall (tengist brottfalli) náðist ekki að fullu, þar vantaði rúmlega ½% yfir árið í heild. Markmið um að skólinn ætti a.m.k. 1% uppsafnaðan rekstrarafgang ársbyrjun 2014 náðist.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Í sjálfsmatsskýrslu 2012 var sett fram umbótaáætlun í 10 liðum fyrir árið 2013 og var henni fylgt eftir föngum. Náðust markmið hennar í öllum aðalatriðum.

Úttektir: Engin úttekt var gerð á árinu.

Afkoma, rekstrarstaða: Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 7,4 millj. kr. Heildarútgjöld voru 1009,7 millj. kr. Uppsafnaður rekstrarafgangur í árslok 2013 nam 13 millj. kr.

Brottfall: Mismunur á skráðum heildareiningafjölda nemenda í annarbyrjun og þeim einingafjölda sem lokið er var í dagskóla um 5,6 % í heildina á vor- og haustönn. Í öldungadeild 26%.

Stjórnun: Auk skólameistara Lárusar H. Bjarnasonar er aðstoðarskólameistari Sigurborg Matthíasdóttir, áfangastjóri Guðlaugur Pálmi Magnússon, fjármálastjóri Sólrún Jóna Böðvarsdóttir, þrjár deildarstjórar/námstjórar, öldungadeildarstjóri, deildarstjóri IB náms og deildarstjóri sérnámsbrautar.

Samvinna við aðra:

Samstarfsskólar varðandi listdans eru Dansmennt ehf., Danslistarskóli JSB og Klassíski listdansskólinn, varðandi sænskukennslu Agnebergsgymnasiet Uddevalla í Svíþjóð, varðandi framhaldsskólaáfanga grunnskólanema Hlíðaskóli, Austurbæjarskóli, Hagaskóli og Ingunnarskóli, varðandi starfsþjálfun sérnámsbrautarnema Vinnumálastofnun.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Undirbúningur fyrir háskólanám, ríkulegt val nemenda, umsjón með norsku- og sænskukennslu á framhaldsskólastigi, alþjóðleg námsbraut, kjarnaskóli í listdansi, Hamrahlíðarkórinn.